

Sp.

167. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1973, sem ríkisstjórnin lagði fram í þingbyrjun, eru tekjur áætlaðar 20 447.5 millj. kr., en gjöld 19 867.8 millj. kr. og nettóúttreymi á lánaþreifyngum 475.7 millj. kr. Greiðsluafgangur er þannig áætlaður 103.9 millj. kr. Í fjárlögum ársins 1972 voru tekjur áætlaðar 16 898.8 millj. kr., en gjöld 16 549.5 millj. kr. og nettóúttreymi lánaþreifynga 261.9 millj. kr. Greiðsluafgangur var því áætlaður 87.5 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir árið 1971, sem voru síðustu fjárlög fyrrverandi ríkisstjórnar, voru tekjur áætlaðar 11 054.7 millj. kr., en gjöld 11 023.3 millj. kr. og nettóúttreymi á lánaþreifyngum 241.1 millj. kr. Greiðsluafgangur var það ár áætlaður 270.4 millj. kr.

Útgjöld samkv. þessu fjárlagafrv. núverandi ríkisstjórnar hafa því hækkað um 9 424.2 millj. kr. frá útgjöldum síðasta fjárlagafrumvarps fyrrverandi ríkisstjórnar. En þar með er ekki öll sagan sögð. Enn hækka útgjöld frv. við brtt. nefndarinnar um 268 180 þús. kr., og öruggt má telja, að gjaldahlið þess hækki til muna við 3. umræðu, og er því einsýnt, að útgjöld ríkissjóðs munu tvöfaldast frá afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1971 eða á aðeins tveimur árum. Sennilega mun verða erfitt að finna ríkisstjórn í öðrum löndum á friðartímum, sem svo hrapallega hefur lotið í lægra haldi fyrir ofþenslu og verðbólgu.

Núverandi ríkisstjórn lýsti því yfir í málefnaþamningi sínum, að hún mundi leggja höfuðáherzlu á að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem hún taldi að átt hefði sér stað í efnahagsmálum og leitt hefði til siendurtekinna gengis-lækkana og óðaverðbólgu. Hún hugðist tryggja, að hækkuð verðlags hér á landi yrði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Nú hefur þessi ríkisstjórn setið að völdum í tæplega eitt og hálfu ár með þessum árangri hvað snertir sjálfan ríkisbúskapinn.

Þegar þeir, sem nú eiga aðild að ríkisstjórninni, voru í stjórnarandstöðu, gerðu þeir sífelldar árásir á þáverandi ríkisstjórn fyrir það, að rekstrarkostnaður ríkis og ríkisstofnana væri allt of hár, starfsmannafjöldi of mikill og skrifstofubáknið

þendist út. Þá töldu þessir menn, að sparnaðar væri ekki gætt og fyrirhyggju skorti við stjórn ríkisstofnana. Ekki má heldur gleyma því, sem þessir sömu menn töluðu um verðbólguna og að ríkisstjórnin, sem þá var, léti verðbólguna leika lausum hala.

En hvað hefur gerzt á þessu tæpa hálfu öðru ári, sem liðið er af valdatíma núverandi ríkisstjórnar, umfram það, að fjárlög hafa tvöfaldast?

Ríkisstjórnin hefur sjálf haft frumkvæði um að auka verðbólguna í landinu.

Hún byrjaði á að rýra tekjur útgerðarinnar strax eftir valdatöku sína með útgáfu bráðabirgðalaga til þess að gera hosur sínar grænar fyrir sjómönnum, en það varð m. a. til þess að hvetja til almennra launahækkana í landinu, sem leiddu til vaxandi þenslu í efnahagsmálum. Útgjöld atvinnuveganna jukust, og útgjöld ríkissjóðs fóru upp úr öllu valdi. Ríkisstjórnin greip til þess örþrifaráðs að stórhækka beina skatta með þeim árangri, að álagður tekju- og eignarskattur hækkaði úr 1 525 millj. kr. árið 1971 í 4 429 millj. kr. árið 1972, eða því sem næst þrefaldaðist. Samhliða þessu voru stórlega skert fríðindi við álagningu skatta til ríkis og sveitarfélaga svo og til aldraðra og öryrkja, að ógleymdri skerðingu á fríðindum til sjómanna, bæði fiskimanna og farmanna. Það má því segja, að opinberir aðilar hafi fengið rúmlega helming af því fjármagni, sem útgerðin var svipt og ríkisstjórnin hafði á fyrstu vikum valdaferils síns, meðan hamingjusól hennar var hæst á lofti, gert ráð fyrir, að liti út fyrir að ætlað hefði verið sjómönnum einum.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir, að til þess að hægt verði að tryggja lágláunafólki árlegar og eðlilegar kjarabætur, muni hún með lögum stytta vinnuvikuna í 40 stundir án breytinga á vikukaupi.

Sjálfstæðisflokkurinn var andvígur þessari málsmeðferð og taldi það mikið óráð af ríkisstjórninni að taka inn í pólitískan málefnasamning lögfestingu vinnutíma. Þó að sumir stjórnarsinnar héldu því fram, að lögfesting vinnutímans mundi greiða fyrir kjarasamningum, sem þá stóðu fyrir dyrum, þá varð sú raunin ekki, þegar til kom, eins og sjálfstæðismenn héldu fram, þegar frv. um 40 stunda vinnuviku kom til umræðu á Alþingi. Það var og er skoðun okkar, að um ákvörðun vinnutíma eigi að semja í frjálsu samkomulagi af aðilum vinnumarkaðarins og áframhaldandi þróun á þessum vettvangi hefði verið farsælli en lögfesting. Þessar aðvaranir gaf formaður Sjálfstæðisflokksins, Jóhann Hafstein, í ræðu á Alþingi, þegar frv. var til 1. umr. í Nd., og hann bætti við, að úr því sem komið væri, „geri ég ráð fyrir því, að hvorki ég né aðrir úr mínum flokki leggi stein í götu þessa frv. eða bregði fyrir það fæti“. Ef það hefði verið gert og frv. ef til vill ekki náð fram að ganga, hefði það haft alvarlegar afleiðingar um lausn kjarasamninga, en þar vildi Sjálfstæðisflokkurinn ekki standa í vegi.

Lögfesting vinnuvikunnar var algerlega vanhugsað mál, sem dregið hefur dilk á eftir sér og er eitt þeirra verka, sem nú gera aðstæðurnar erfiðari en ella hefði orðið. Ef ríkisstjórnin hefði í upphafi valdaferils síns gert sér grein fyrir þessu, þyrfti ekki nú að gera ráðstafanir til kjaraskerðingar hjá öllum þorra launþega, m. a. með því að fíkta við kaupgreiðsluvisitöluna.

Eins og áður er sagt, er svo langt gengið í álagningu beinna skatta, að ekki verður gengið lengra á þeirri braut, enda er í því efni farið langt fram yfir það mark, sem fyrrverandi ríkisstjórn taldi vera eðlilegt, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, sem í gildi voru, áður en núverandi ríkisstj. fékk þeim breytt á síðasta þingi.

Við teljum, að í þessu efni verði að breyta hreinlega um stefnu og efna til heildarendurskoðunar á tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga á þeim grundvelli, sem fyrrverandi ríkisstjórn markaði, þar sem sú stefna ráði:

1. að skattlagningin dragi úr því miðstjórnarvaldi ríkisins, sem núverandi skattheimta styður að;
2. að skattlagningin örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar og að þannig verði skattalega búið að atvinnurekstri, að áhugi almennings fari vaxandi fyrir því að eiga aðild að atvinnutækjum;

3. að skattlagning ríkisins beinist í vaxandi mæli að óbeinum sköttum, þannig að skattleggja fremur eyðsluna en nú á sér stað, en gæta hófs í skattlagningu sparnaðar. Jafnframt verði dregið úr ofurþunga hinna beinu skatta, sem vissulega á stóra hlutdeild í þeirri þenslu, sem einkennir fjárlagafrumvarpið, því að skattþindir einstaklingar krefjast vaxandi fyrirgreiðslu í hærri fjárhæðum úr ríkissjóði.

Það er skoðun okkar, að ekki náist viðhlítandi árangur um þróun ríkisfjármála og almennra efnahagsmála, nema breytt verði um stefnu í skattamálum frá því, sem núverandi fjárlagafrv. byggir á, ásamt því að beitt verði öðrum samvirkum efnahagsaðgerðum, sem ekki eru tók á að gera fyllri skil í nefndarálit.

Það er eftirtektarverð staðreynd, að frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum hefur byggingavísitalan hækkað úr 535 stigum í 689 stig miðað við vísitöluna 1. nóvember s. l. eða um 28.79%, en það er táknrænt sýnishorn af hinna ofsalegu verðbólgu, sem hér er ríkjandi.

Við höfum leitast við að gera okkur grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á fjölda fastráðinna starfsmanna hjá ríki og ríkisstofnunum. Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 eru fastráðnir ríkisstarfsmenn, miðað við júlímánuð 1971, 6798 talsins, en í fjárlagafrv. fyrir 1973 eru þeir miðað við júlímánuð þessa árs, orðnir 7244, og nú eru þeir taldir samkv. upplýsingum, sem Fjárlaga- og hagsýslustofnunin útvegaði, að okkar beiðni, vera 7383 talsins. Fastráðnum starfsmönnum ríkisins hefur fjölgað í tíð núverandi ríkisstjórnar um 585. Þetta er samdrátturinn á ríkisbákninu, sem þessir menn boðuðu, þegar þeir kæmu til valda.

Ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalög á s. l. sumri um tímabundnar efnahagsráðstafanir, þar sem henni er heimilað þrátt fyrir ákvæði fjárlaga yfirstandandi árs að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim, um allt að 400 millj. kr. Þetta tekur einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.

Nú nýlega barst nefndinni bréf um niðurskurð á framlögum til verklegra framkvæmda, sem veitt var fé til á fjárlögum, og er hann þannig:

Hafnarframkvæmdir	28.6 millj. kr.
Skólaframkv., skyldunáms	53.0 — —
Iðnskólar	2.5 — —
Háskólinn	12.0 — —
Þjóðarbókhlaðan	7.5 — —
Læknamiðstöðvar og sjúkrahús	50.0 — —
Fæðingardeild Landspítalans	15.0 — —
Landspítalinn	6.0 — —

Samtals 174.6 millj. kr.

Um annan árangur af heimild til niðurskurðar hefur fjárveitinganefnd ekki fengið fregnir.

Það vekur eftirtekt, að framlög til verklegra framkvæmda á fjárlagafrv. hækka ekki í hlutfalli við verðbreytingar. Í því sambandi má nefna, að síðasta fjárlagaár fyrirverandi ríkisstjórnar, árið 1971, hækkuðu framlög til byggingar barna- og gagnfræðaskóla úr 206 860 þús. kr. í 288 071 þús. kr. eða um 39%. Í fjárlögum fyrir árið 1972 hækkuðu þessi framlög í 394 660 þús. kr. eða um 37%. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár verða þessi framlög samkv. tillögu fjárveitinganefndar 473 478 þús. kr., en í þeirri upphæð er 53 000 þús. kr. fjárveiting vegna niðurskurðar á fjárlögum á þessu ári, þannig að raunveruleg fjárveiting næsta árs verður 424 478 þús. kr. eða 7.5% hækkun frá síðasta ári.

Í hafnamálum er ástandið litlu betra. Við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1972 voru framlög til hafnarmannvirkja og hafnabótasjóðs 183.8 millj. kr., en eru eftir tillögum fjárveitinganefndar við frv. nú 228.5 millj. kr., og eru þá endurveittar 28.6 millj. kr.,

sem skornar voru niður á þessu ári. Raunverulegt framlag verður því 199.9 millj. kr. eða um 9% hækkun frá fyrra ári.

Fjárveitinganefnd flytur sameiginlega breytingartillögur á þskj. 162 og 165. Eru þau vinnubrögð með sama hætti og áður hefur tíðkast, þannig að heildarfjárhæðir til einstakra málaflokka, svo sem sjúkrahúsa, læknaþustaða, læknamistöðva, hafna, fyrirhleðslna, skólabygginga barna- og gagnfræðastígs, héraðsskóla, iðnskóla, húsmæðraskóla o. fl., eru ákveðnar af ríkisstjórninni, en fjárveitinganefnd hefur í heild unnið að skiptingu fjármagnsins, og stöndum við undirritaðir að þeirri skiptingu, enda þótt við hefðum aðrar skoðanir um heildarfjárhæðir þessara málaflokka. Um aðrar einstakar brtt. er það að segja, að um allmargar þeirra var full samstaða í nefndinni, enda er þar í flestum tilvikum um leiðréttingar að ræða, eftir að nefndin hafði kynnt sér aðstæður hinna ýmsu stofnana og félagasamtaka, sem brtt. taka til. Í ýmsu falli hefur þó verið staðið á annan veg að úrlausn mála en við teljum eðlilegt, og höfum við undirritaðir nefndarmenn áskilið okkur rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til tillagnanna í heild og hinna einstöku tillagna.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram, var það marklaust að því leyti, að stórar fjárhæðir vantaði á tekjuhlíð frv. til þess að mæta gífurlegri útgjaldaaukningu, sem skapast, þegar verðstöðvun lýkur um næstu áramót, eins og bráðabirgðalögin um tímabundnar efnahagsaðgerðir kveða á um.

Fyrir 2. umræðu fjárlaga var ríkisstjórninni skylt að leggja fram tillögur um tekjuhlíð fjárlagafrv. og skýra frá því, á hvern hátt hún ætlaði sér að leysa þau efnahagsvandamál, sem nú stöðja að. Í stað þess að gera það hefur ekkert komið frá ríkisstjórninni í þessum efnunum annað en beiðnir einstakra ráðherra um aukin útgjöld.

Við teljum óhæf vinnubrögð að fjalla um útgjaldabeiðnir, sem skipta hundruðum millj. kr., á meðan ekki liggja fyrir upplýsingar um, á hvern hátt tekna skuli aflað.

Við munum því ekki flytja brtt. við frv. við þessa umræðu umfram það, sem fram kemur í brtt. nefndarinnar á fyrrnefndum þingskjölum, en geynum okkur allan rétt til þess til 3. umr., þar sem við teljum, eins og stutt hefur verið rökum hér að framan, að mikilvægar ákvarðanir verði að taka um lausn efnahagsmálanna, áður en lengra er haldið, en þær ákvarðanir hljóta að hafa veruleg áhrif á afkomu alls almennings í landinu og endanlega niðurstöðu fjárlaga. Af þessum sökum er ógerlegt að taka á ábyrgan hátt afstöðu til ákveðinna efnisþátta ríkisfjármála og m. a. til þess, hversu langt megi ganga í fjárveitingum.

Alþingi, 12. des. 1972.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Steinþór Gestsson.

Ásgeir Pétursson.